

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 22. júní 2017 | 24. tbl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



**Vantar allar
gerðir eigna
á söluskrá!**

**Hafið
samband
við
sölumenn
okkar.**

HRAUNHAMAR
F A S T E I G N A S A L A

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Jón Arnluss
KÖKULIST



**Treystu
mér fyrir
veislunni!**

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655

BLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi
tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir
einkasamkvæmi stærri
og smærri hópa.

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200



Strandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • facebook.com/vonmathus

MATHÚS BAR

VON

Vilja setja 1,6 milljarð í knatthús á 4 árum

Sveitarstjórnarkosningar verða eftir ár

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa lagt fram tillögu í bæjarstjórn um að Hafnarfjarðarbær fjármagni og framkvæmi uppbyggingu aðstöðu til iðkunar knattspyrnu í bæjarfélaginu á árunum 2018-2021. Gert er ráð fyrir að á þessum árum fari 300-400 milljón kr. á ári eða allt að 1,6 milljarði kr. Áætlanir Hauka gera ráð fyrir 1.100 milljónum kr. í sitt hús og FH-ingar gera ráð fyrir 680 milljónum kr. í sitt hús sem er tjaldhús en í báðum húsum er gert ráð fyrir fótboltavelli í fullri stærð. Ný-

verið samþykkti bæjarstjórn að framvegis leggði bærinn til allt fjármagn til byggingar íþróttamannvirkja sem gerð eru með aðkomu bæjarins svo

miðað við áætlanir félaganna vantar a.m.k. 180 milljónir upp á að tillagan dugi fyrir byggingu þessara húsa. Nánar á bls. 2.



Mynd: Guðn Glásson

FH og Haukar munu geta leikið inni, heima og heiman.

AS
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17

Sími: 520 2600

Opið virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGGA



BLACK & DECKER

**30%
afsláttur**

af ÖLLUM
rafmagnsverkfærum
frá Black&Decker

**FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS**
EF VERSLAB ER FYRIR 5.990 KR. Eða MEIRA



Þín verslun í Hafnarfirði

Byggjum á betra verði

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunaráhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066, fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiði • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunaráhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 25. júní

Helgistund kl. 11

Helgihald

liggur niðri í júlí

en presturinn er við á viðtalstímum



www.astjarnarkirkja.is

Víðistaðakirkja

Sunnudaginn 25. júní

Helgistund

á sumarkvöldi kl. 20

Ljuf og létt stund í umsjá
Maríu og Bryndísar.

Skráning í fermingu 2018
á vidistadakirkja.is

www.vidistadakirkja.is



leiðarinn

Sveitarstjórnarkosningar verða á næsta vori. Ætli það sé merki um undirbúning þeirra sem annar meirihlutflokkanna leggur fram tillögu um að Hafnarfjarðarbær byggji á næstu fjórum árum eitt yfirbyggt fullstórt knattúshús fyrir FH og annað fyrir Hauka? Þetta kostar Hafnarfjarðarbæ ekki undir 1,8 milljarð kr. miðað við að FH-ingar haldi sig við tjaldhús þó þeir þurfi ekki að borga brúsann. Garðabær lét verkfræðistofuna Mannvit núvirðisreikna kostnað við nokkur yfirbyggð íþróttahús á Íslandi árið 2013. Þá kom fram að hús í lágmarksstærð kostuðu frá 930-1.430 milljónum kr. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins gerir hins vegar aðeins ráð fyrir að hámarki 1,6 milljarði kr. til byggingar beggja húsa. Vitnað er m.a. í heilsustefnu bæjarins til stuðnings tillögunni. Er fjárhagur bæjarins orðinn svona góður?

Hins vegar bolar lítið á tillögum um göngu- og hjólræðistíga í upplandinu en ef hraðinn á uppbyggingu þeirra verður ekki meiri en hann er nú þarf fólk að biðja gríðarlega lengi eftir viðunandi ástandi á göngu- og hjólræðistígum í upplandinu og í bænum sjálfum.

Sýndarmennska er ekki sama og raunveruleiki. Oft sjást merki um sýndarmennsku í rekstri bæjarfélaga þar sem fallegum loforðum er hampað en minna hugsað um efndir. Upplýsingastefna bæjarins er fallegt plagg um miðlun upplýsinga og lýðræðislega þátttöku á sama tíma og raunveruleg miðlun upplýsinga er ekki til þess fallin að upplýsa bæjarbúa, t.d. í skipulagsmálum. Ekkert er athugað við að transkona sé valin fjallkona en að hún sé valin vegna þess að hún er transkona er ekki í anda jafnræðis sem getið er í 65. grein stjórnarskrár Íslands. Þetta er frekar dæmi um sýndarmennsku frekar en jafnræðisstefnu í stjórnarathöfnum.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Tvö knattspyrnuhús byggð

Byggð á næsta kjörtímabili

Í úttekt sem íþróttafulltrúi lagði fyrir bæjarráð Hafnarfjarðar 18. maí sl. segir að brýn þörf sé á bættri aðstöðu til knattspyrnuíðkunar á báðum stöðum á veturna. Þetta er m.a. ein af röksemdum fyrir tillögu bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fyrir í bæjarstjórn í gær um byggingu á tveimur knattspyrnuhúsum með fullstórum knattspyrnuvelli fyrir FH og fyrir Hauka. Markmiðið sé

að bæta aðstöðu til knattspyrnuíðkunarungmenna í sveitarfélaginu í takti við áherslur ÍBH, ört vaxandi fjölgun iðkenda og heilsustefnu Hafnarfjarðarbæjar. Byggð verði knattúshús að Kaplakrika og á Ásvöllum samkvæmt tillögum FH og Hauka. Haukar gera ráð fyrir einangruðu húsi sem kosti um 1.100 milljónir kr. en FH-ingar gera ráð fyrir tjaldhúsi, sambærilegu og Risanum sem kosti 680

milljónir kr. Segir Víðar Halldórsson formaður FH enga ástæðu til að hafa knattúshús upphituð og tjaldhús sé bæði ódýrara í byggingu og mun ódýrara í rekstri.

Þetta er lagt fram á síðasta fundi bæjarstjórnar fyrir sumarfrí og hefur ekki verið tekið fyrir í bæjarráði. Lagt er til að tillögunni verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2018.

www.fjardarfrettir.is

Íþróttaskóli Hauka fer vel af stað

Íþróttaskóli Hauka sem starfræktur er í sumar fyrir börn fædd 2005-2010 er með svipuðu sniði og áður. Skólinn hefur verið starfræktur frá árinu 2007 og er óhætt að segja að börn og foreldrar hafi tekið þessu framtaki Hauka mjög vel. Yfir 1300 börn sóttu skólann síðasta sumar og viðtökurnar í ár eru einnig mjög góðar. Íris Óskarsdóttir og Emil Barja munu sjá um skólann í sumar.

Íþróttaskólinn er sameiginlegt verkefni allra deilda félagsins þar sem lögð er áhersla á fjölbreytta hreyfingu, þjálfun og námskeið við allra hæfi. Gert er ráð fyrir að iðkendur fái að kynnst sem flestum íþróttagreinum.

Alls eru námskeiðin 10 og næsta námskeið hefst 26. júní en flest námskeiðin eru í 5 daga. Einnig

eru í boði fótboltaskóli, handboltaskóli, körfuboltaskóli, íþróttaleikskóli og fjölgreinaskóli.



Tekið verður við skráningum á vef Hafnarfjarðarbæjar, mínar síður, undir niðurgreiðslur og þar valið Haukar.

OPIÐ

ALLAN SÓLARHRINGINN

Í GARÐABÆ





GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL

Tré og runnar í garðinn þinn

v/Kaldárselsveg
555 6455 - 894 1268

www.skoghf.is 

Vissir þú?

Vissir þú að tillaga til breytinga á aðalskipulagi var í kynningu til 20. júní sl.? „Vinnslutillaga vegna breytinga á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Afmörkun samgöngu- og þróunaráss höfuðborgarsvæðisins.“

Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Framkvæmdaleyfi

Skipulags- og byggingarráð hefur lagt til við bæjarstjórn að umsókn Landsnets vegna Sandskeiðslínu 1 verði samþykkt og skipulagsfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi.

Þegar hafa verið lagðir línuvegir í hrauninu í Almennings vestan Krýsuvíkurvegjar.

Glæsileg Víkingahátíð

Góð þátttaka og mikil stemmning á Víkingahátíð Fjörúkráarinnar




Ljósmyndir: Guðni Gíslason

Fjögurra daga Víkingahátíð Fjörúkráarinnar lauk á sunnudag og var Jóhannes Viðar Bjarnason gríðarlega ánægður með hátíðina. Sjaldan hafa fleiri erlendir þátttakendur verið með og aðsóknin var mjög góð og ánægja með hátíðina.



Jóhannes Viðar og Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri.



Tyura Zhirkova frá Yakutia lék á munngígju og söng.



Krakkarnir tóku námið í Víkingaskólanum alvarlega.

Sumarsund fyrir börn 4-10 ára

Sundfélag Hafnarfjarðar verður með sundnámskeið fyrir börn, bæði synd og ósynd, í Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug, Sundhöllinni og Lækjarskólalaug.

Námskeiðin standa yfir í tvær vikur eða 10 skipti.

Bráðskemmtileg námskeið sem allir hafa gaman af!

Nánari upplýsingar og innritun má finna á www.sh.is



Tímabil í boði:
26. júní – 7. júlí
10. – 21. júlí
24. júlí – 4. ágúst



RioTinto
styrkir barna- og unglingastarf SH

Miðsvæði Valla enn hálf uppbyggt

Vaxandi áhugi fyrir svæðinu og horft á Velli sem framtíðaruppbyggingarsvæði



Deiliskipulag fyrir miðsvæði Valla, Tjarnarvelli var samþykkt í ágúst 2002. Þá var gert ráð fyrir átta lóðum fyrir atvinnu- og þjónustubyggingar 2-4 hæða og 6 hæða austast á svæðinu. Í maí 2004 er skipulaginu breytt og metnaðarfullur sjónarás að Keili er felldur úr skipulaginu, legu Ásbrautar er breytt og lóðum fjölgað úr 8 í 9.

Eftir að hafað var að staðsetja pylsuvagn við Ásvallalaug fékk eigandi Pylsubarsins við Fjörð, heimild til að láta gera tillögu að skipulagsbreytingu sem gerði ráð fyrir nýrri lóð á gróðureyju á mótis við Tjarnartorg eins og kemur fram í forsendum breytinga sem samþykktar voru í ársbyrjun 2009 og heimild veitt fyrir allt að 55 m² pylsuvagni. Árið 2010 var svo samþykkt breyting á þessari breytingu þar sem gert var ráð fyrir 70 m² húsi og að selt væri úr bílalúgu. Aldrei varð að byggingu pylsuvagnsins enda fékk samkeppnisaðili að flytja gamlan pylsuvagn inn á íþróttasvæði Hauka án mikillar fyrirhafnar.

Í upphaflegum skipulagsskilmálum eru markmið deiliskipulagstillögunnar skilgreind sem eftirfarandi:

- Að móta heilsteypta, formfasta og þetta byggð með skýrum götumyndum og skjólgóðum bæjarrýmum sem stuðli að góðri nýtingu lands.
- Að með einföldu umferðarkerfi og skýrt skilgreindum rýmum verði auðrætt að umhverfið og auðvelt að staðsetja sig miðað við ytra umhverfi.
- Að stilla stærð helgunarsvæða veitukerfa, umferðarmannvirkja og bílastæða í hóf.

Meginhluti svæðisins átti að vera þétt, blönduð byggð skrifstofu- og þjónustubygginga sem eru frá tveimur upp í sex hæðir. Byggðinni var ætlað að mynda samstæða og þetta heild með sterkum bæjarrýmum. Sérstök áhersla var lögð á að allt svæðið innan skipulagsreitsins væri skýrt skilgreint hvað notkun og eignarhald varðar.

Var þetta sennilega fyrsta svæðið í bænum þar sem lagt var í öflugan kynningarherferð og auglýsingar til að

Á auðu lóðinni í miðjunni vill Helgi bygga þjónustu og íbúðarhús.

selja þessar lóðir en hugmyndir voru uppi um að þarna væri t.d. kjörinn staður fyrir höfuðstöðvar stórfyrirtækja enda var Ícelandair eitt af fyrstu fyrirtækjum til að tryggja sér vilyrði fyrir lóð þarna og var hún eymarkert fyrirtækinu í mörg ár.

Aðeins hafa verið byggð þrjú hús á svæðinu, á lóðum nr. 3, 11 og 15. Verslun Bónus kom í hús nr. 15 í árslok 2005, auk bakarís og veitingastaðar. Í hús nr. 11 kom árið 2011 Servida Besta og apótek, en Servida Besta er farið og í húsinu er Þjóðminjasafnið nú með geymslu og forvörslu. Húsið að Tjarnarvöllum 3 stóð lengi tóm þar til það var gert að hóteli fyrir tveimur árum síðan.

HVERJIR EIGA LÓÐIRNAR?

Tjarnarvellir 1: Samkaup á lóðina og hefur átt frá upphafi. Ómar Valdimarsson framkvæmdastjóri Samkaupa segir að á sínum tíma hafi verið áform um byggingu verslunarhúss á lóðinni, en eins og annað þá var það sett á ís í Hruninu og þar biði málið enn.

Tjarnarvellir 5: Er í eigu Haga hf. sem fékk hana í mars sl. „Við erum að horfa til framtíðar og viljum sinna við-

skiptavinum okkar í ört stækkanndi hverfi betur,“ segir Finnur Árnason forstjóri í svari til Fjarðarfréttu. „Tímalínan liggur ekki alveg fyrir en við erum að skoða þann þátt. Það er mikil uppbygging á svæðinu, sem við horfum til og teljum okkur geta gert betur fyrir viðskiptavinum Bónus.“

Tjarnarvellir 7: Laugar ehf. fékk lóðina í febrúar sl. og hefur sótt um breytingu á skilmálum sem gerir ráð fyrir 2ja hæða húsi í stað 4 hæða. Er það túlkað sem óveruleg breyting sem skal grenndarkynna. Gert er ráð fyrir heilsurækt í fyrsta áfanga og stækkun stöðvarinnar og útleigu fyrir aðra starfsemi í seinni áfanga. Björn Leifsson framkvæmdastjóri Lauga segir að fyrirtækið sé að byrja á 2.050 m² byggingu undir heilsurækt, sambærilega við þá stöð sem fyrirtækið rekur við sundlauginu í Breiðholti.

„Áætlun gerir ráð fyrir að við opnum í ágúst á næsta ári,“ segir Björn.

Tjarnarvellir 9: Er í eigu RA 5 ehf. dótturfyrirtækis Regins fasteignafélags. Helgi S. Gunnarsson forstjóri Regins segir að þeir séu mikið að fjárfesta á þessu svæði og eigi mikið af eignum þar. „Að okkar mati er þetta fram-

tíðarsvæði fyrir atvinnuuppbyggingu og hefur orðið mikill viðsnúningur á skömnum tíma. Við Tjarnarvelli eru sterkir aðilar að skoða möguleika á uppbyggingu, þar eru m.a. Hagar og World Class með lóðir við hliðina á okkur. Tækifærin í þessum lóðum er sýnileikinn og staðsetning m.t.t. stofnbrauta. Við höfum ekki endalega ákveðið nýtinguna á lóðinni en erum með hugmyndir um að horfa á þetta í stóru samhengi,“ segir Helgi er Fjarðarfréttir spurði um byggingaráform.

VILJA EKKI ÍBÚÐIR

Tjarnarvellir 13: Í apríl 2015 sótti Helgi Vilhjálmsson í Góu, eigandi lóðarinnar, um leyfi til að bygga fjöl-býlishús á þremur hæðum. Skipulags- og byggingarráð tók neikvætt í erindið og vísaði í fyrri bókanir frá 18. september 2012 og 27. janúar 2015. Á fundi skipulags og byggingarráðs 18. september 2012 tók ráðið jákvætt í erindi Helga um breytingu á deiliskipulagi sem gerði ráð fyrir að leyft yrði að bygga fjölbýlishús með atvinnustarfsemi á jarðhæð og litlum íbúðum eða hótélíbúðum á efri hæðum. „Skipulags- og byggingarráð tekur jákvætt í að fyrirsprjandi vinni breytingu að deiliskipulagi í samræmi við tillögu B í fyrirspruninni.“

Þann 27. janúar 2015 tók ráðið hins vegar neikvætt í erindi að heimilað yrði að hafa litlar íbúðir á efri hæðum. Ráðið tók því í raun jákvætt í hótélíbúðir en ekki litlar íbúðir sem Helgi vildi bygga og taldi mikla þörf á slíkum íbúðum.

Er Helgi afar ósáttur við að fá ekki að nýt efri hæðir hússins undir hagkvæmar litlar íbúðir fyrir ungt fólk þegar þörfin er mikil og lóðirnar klárar.



SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Garðsláttur í einum grænum.

Tek að mér garðslátt og önnur smáverk. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Bílaþrif. Kem og sæki. Bón verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Sýningin Landsýn - í fótspor Jóhannesar Larsen með ljósmyndum Einars Fals Ingólfssonar og teikningum Jóhannesar stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Í Sverrissal stendur yfir sýningin „Dáid er allt án drauma“ með listakonunum Söru Gunnarsdóttur og Unu Lorenzen.

Al-Anon 35 ára

35 ára opinn afmælifundur Al-Anon deildarinnar í Gúttu verður **á laugardaginn kl. 14.** Ræðumaður er Palli. Allir velkomnir og fólk hvatt til að taka með sér gesti.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Skarðshlíð, samspil skipulags og umhverfissjónarmiða

VISTVÆN NÁLGUN

Skipulag Skarðshlíðar var tekið til endurskoðunar og breytt verulega til

samræmis kröfu um minna sérþýli og vistvænt umhverfi. Helstu nýmæli í skipulaginu er að horfið er frá því að hvert og eitt hús sé með sínar sorptunnur, þess í stað eru djúpgámar staðsettir í vistgötum þar sem lögd er áhersla á flokkun sorps. Byggingarform eru brotin upp, garðar snúa til suðurs og víða eru þök hugsuð sem garðar og útirými. Áhersla er lögd á stíganet fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Nýmæli í skipulagi á Íslandi er að finna í skipulagi Skarðshlíðar sem er ákvæði um vistgötur þar sem vegfarandinn er settur í forgang. Með skipulaginu fylgir áhugaverð



Ó. Ingi Tómasson

Á næstu dögum verður auglýst úthlutun á sérþýlislóðum í Skarðshlíð, lóðirnar sem fara í úthlutun eru undir einþýli og parhús, einnig verður auglýst

lögðilar einir geta sótt um samkvæmt almennum reglum um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar. Alls eru þetta um 160 sérþýli þar af eru fjórar parhúsalóðir ætlaðar undir samþýli. Stutt er í að framkvæmdir við fjölbýlishúsin í Skarðshlíð hefjist, samgöngur við hverfið verða betri með tilkomu tengingar Ásvalla-brautar/Ásbrautar við Krýsuvíkurveg, mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut og væntanlegri Ásvallabraut, auk þess sem gert er ráð fyrir að Borgarlínan tengist Vallahverfinu.

skýrsla frá PRS Ráðgjöf, Vistgötur: Yfirlit um ávinning og stöðu þekkingar.

EINSTÖK NÁTTÚRA

Fyrir utan að skipulag Skarðshlíðar sé sérstaklega sniðið að landslaginu og sé í góðu skjóli fyrir norðan- og austan-áttum þá er skipulagið hannað til að allir íbúar geti notið sólar á móti suðri og útisvæði verða fjölbreytt leik-, athafnar og áningarsvæði. Handan við hæðina er að finna eina mesta útivistarparadís landsins, uppland Hafnarfjarðar. Fyrir verðandi íbúa Skarðshlíðar sem og okkur Hafnfirðinga eru það forréttindi að hafa í göngufæri náttúruperlur upplandsins. Skarðshlíðin er góður kostur fyrir þá sem kjósa vistvænan lífstíl og vilja njóta þess besta sem náttúra Íslands hefur upp á að bjóða.

Höfundur er bæjarfulltrúi og formaður skipulags- og byggingarráðs.

Nýtt bakarí og matsölustaður

Brikk fær gríðarlega góðar viðtökur við opnun

Þeir voru svolítið bráðlátir að opna, félagarnir Davíð Magnússon bakari og Oddur Smári Rafnsson matreiðslumaður, sem opnuðu nýjan spennandi veitingastað að Norðurbakka 1 föstudaginn 16. júní sl. Húsnæðið er á glæsilegum stað við höfnina, rúmgott og glæsilegt. Oddur kveðst vera innfæddur Hafnfirðingur en Davíð sé inngiftur eða innfluttur eins og skilgreiningin stundum hafi verið.

Oddur Smári segir hugmyndina með staðnum að vera bæði bakarí og eldhús. Erum að reyna að sameina krafta okkar Davíðs, „gömul hugmynd sem er búin að blunda í okkur í langan tíma.“ Með



Daniel Magnússon bakari og Oddur Smári Rafnsson matreiðslumaður.

kvöldin og lokum þá bakaríspartinum og hjóðum t.d. upp á ostabakka og smárétti á platta og fólk geti þá fengið hvítvín eða rauðvín með. Þannig breytist stemmningin á kvöldin að sögn Odds. Í boði eru súrdeigsbrauð, fjölbreytt nýbakað sætabrauð, samlokur og fleira. Til þeirra koma einnig margir til þess eins að kaupa brauð og fleira til að taka með sér.

„Við stefnum á að versla eins mikið í heimabyggð og mögulegt er og hvet ég þá framleiðendur í bænum sem þeir hafa ekki haft samband við að vera í sambandi.“ Þá segir hann markmiðið vera að minnka eins og hægt er notkun á plasti og vinna gegn umbúðasóun.

Hann segir að viðtökurnar hafi verið framar öllum vonum og veðrið hafi leikið við þá og að það hafi verið þétt setið fyrir utan. Heiðis Helgadóttir hannaði staðinn og segir Oddur þá félaga afskaplega ánægða með árangurinn.



Davíð bakar allan daginn og því ávallt til nýtt brauð.

þeim félögum í rekstrinum er Einar Benediktsson sem býr í London en hafði hvatt þá af stað.

„Þetta er í grunninn bakarí en sérstaða okkar er að við erum að færa baksturinn nær fólkinu, baka allan daginn, steikjum kleinur t.d. jafnóðum eftir pöntun

og allt smurt um leið og óskað er eftir. Ein sérstaða okkar er að við erum með vínveitingarleyfi sem ekki er algennt með bakarí,“ segir Oddur á meðan Davíð hafði í nógu að snúast að kíkja í ofnana og fylgjast með bakstrinum. „Við stefnum á að vera með léttu rétti á

Slökkvilið lokaðist inni

Bíl lagt við vesturenda Strandgötu til varnar gegna hryðjuverkum

Tilkynnt var um reyk í miðbænum á þjóðhátíðardeginum og kom slökkvibíll og sjúkrabíll inn á Strandgötu en óljóst var hvar reykurinn var. Var bílunum ekið eftir Strandgötu en er komið var að hringtorginu við Bókasafnið stóð bíll merktur Hafnarfjarðarbæ og lokaði leið. Enginn var við bílinn né nokkurt símanúmer og bílarnir því innilokaðir.

Var kallað á varalið sem kom snarlega og fundust upptök eldsins í gamla Alþýðuhúsinu, Strandgötu 32 en þar höfðu íbúar sofnað út frá potti sem kraumaði á eldavél. Ekki varð þó eldur en upplýst var að litlu hefði munað.

Það mun hafa verið að fyrirmælum lögreglu sem bílum var lagt í báða enda Strandgötu og víðar en enginn viðbún-



Neyðarbílnir komust ekki um Linnetsstíginn.

Breyting á síðdegisvakt Heilsugæslunnar Sólvangi

Síðdegisvakt verður kl. 16-18 frá 1. júlí nk.

Almennur þjónustutími Heilsugæslunnar Sólvangi er virka daga frá kl. 8 til 16. Síðdegisvakt heilsugæslunnar stýttist 1. júlí n.k. og verður opin virka daga kl. 16-18. Vaktin verður að öllu jöfnu mönnuð af tveimur læknum og er ætluð fyrir skyndiveikindi og smáslys sem þarfnast skjótrar úrlausnar.

Tekið er á móti beiðnum um lyfjaendurnýjun kl. 9-11.30 virka daga í síma 550 2650 og með rafrænum skilríkjum er hægt að óska eftir lyfjaendurnýjun í gáttinni: www.heilsuvera.is
Nánari upplýsingar má finna á www.heilsugaeslan.is/solvangur

Jónsmessugleði Grósku

Myndlistarsýning með listviðburðum í Sjálandshverfi

Í dag, fimmtudag, kl. 19.30-22 verður Jónsmessugleði Grósku haldin í niunda sinn við Strandstíginn í Sjálandshverfi Garðabæjar. Hún verður opnuð formlega kl. 20 með ávarpi frá Elizu Reid forsetafrúar.

Á Jónsmessugleðinni verða fjölbreytt listaverk til sýnis en sýndur eru vel yfir 40 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Málverk á striga eru strengd milli staura og innsetningar ljá sýningunni sérstæðan blæ. Að venju verða líka fjölmargir aðrir listviðburðir á dagskrá, svo sem söngur, ljóðalestur, lúðrablastur, harmonikkuleikur og ýmis konar glens og gaman. Gróska býður upp á veitingar og búast má við óvæntum uppkomum og furðufyrirbærum en þema sýningarinnar er „En hvað það var skrytið“.

Skorað er á gesti að taka þátt í skringilegheitunum með því að mæta í

skrytnum fatnaði eða fara á listrænt flug með því að skreyta sig fjöðrum.



Gestalistamenn koma meðal annars frá Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík, Reykjanesi, Akranesi og Vestmannaeyjum. Að venju lýkur Jónsmessugleðinni með lokagjöfmingi kl. 22.

ÍÞRÓTTIR

Fótbolti:


- 23. júní kl. 17.30, Vestmannaeyjar ÍBV - Haukar, bikarkeppni kvenna
- 23. júní kl. 19.15, Leiknisvöllur Leiknir R. - Haukar, 1. deild karla
- 25. júní kl. 17, Vestmannaeyjar ÍBV - FH, úrvalsdeild karla
- 27. júní kl. 19.15, Garðabær Stjarnan - Haukar, úrvalsdeild kvenna
- 28. júní kl. 19.15, Kaplakriki FH - Breiðablik**, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KARLA:

FH - Víkingur R.: 2-2
Haukar - HK: 2-1
Grindavík - FH: 1-1

ÚRSLIT KVENNA:

ÍBV - Haukar: 3-0
FH - Þór/KA: 0-1
Valur - FH: 4-0
Haukar - KR: 0-2



Íbúar voru látnir gera grein fyrir sér.

aður var við bílana ef upp kæmi neyðarástand þar sem tryggja þyrfti aðkomu sjúkrabífreiða.

Samstarfsfólk óskast!

Langar þig að vinna á fjölbreyttum og skemmtilegum vinnustað í hjarta Hafnarfjarðarbæjar?

Við á **Bókasafni Hafnarfjarðar** óskum eftir nýju og hressu samstarfsfólki.



Áhugasamir, endilega kíkið á ráðningarvef Hafnarfjarðarbæjar (radningar.hafnarfjordur.is) og sakið um að vinna með okkur!

Frábært
úrval af
vegan réttum
..og eitthvað fyrir alla

BIKE CAVE

Verið velkomín í Bike Cave :D

Hafnarborg, Hafnarfirði • Opið alla daga kl. 9-22
www.bikecave.is • sími 571 3144 • Erum á Facebook

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópá.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

**ØLSTOFA**

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200**Rat
leikur**

Hafnarfjarðar

**Fáðu
frítt
kort!**

Sumarið 2017

Veisla fyrir vinnustadinn

**Sólskin í glasi og
sælkerasamlökur**

veisla@lemon.is

Lemon

**Hönnun
& umbrot****HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.**

BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRDUR

hhus@hhus.is | stofnað 1990

Stemmning í miðbænum á þjóðhátíðardegi Íslendinga

Hafnirfjarðingar, sem aðrir, fögnuðu þjóðhátíðardeginum sl. laugardag í blíðskaparveðri. Flestir þjóðbúinnir og fjölmargir í þjóðbúningum gengu bæjarbúar undir taktföstum leik Lúðrasveitar Hafnarfjarðar í skrudgöngu sem leidd var af fánaberum skáta úr Hraunbúum.



Ljóm.: Guðni Glásson



Ljóm.: Guðni Glásson

Hátíðarhöldin voru í miðbænum með áherslur á nokkrum stöðum og sem fyrr stækkaði Austurgötuhatíðin hátíðarsvæðið. Virtist gleði skína úr hverju andliti en í hátíðarhöldum lauk kl. 17 þrátt fyrir að daginn bæri upp á laugardag. Kvölddagskrá með danshljómsveitum virðist vera liðin tíð og ekki bara í Hafnarfirði.

Ljósmyndari Fjarðarfrétta var að sjálf-sögðu á svæðinu og auk þeirra mynda sem hér sjást má sjá miklu fleiri á fréttasíðunni www.fjardarfrettir.is



Ljóm.: Guðni Glásson



Ljóm.: Guðni Glásson



Ljóm.: Guðni Glásson



Siglinganámsskeið

Í sumar mun Siglingaklúbburinn Þytur bjóða upp á siglinganámsskeið fyrir börn og unglinga 10 ára og eldri, fædd 2007 og fyrr.



Kennt er eftir nýrri námskrá sem Siglingasamband Íslands hefur látið þýða og staðfæra. Þátttakendum er kennt að bregðast við síbreytilegum aðstæðum, siglingar á kayak og seglbátum, siglingareglur og umgengni um báta og búnað þeirra.

Í lok námskeiða gerum við okkur dagamun, hoppum í sjóinn, buslum og endum á grillveislu.

Hvert námskeið er í tvær vikur hálfan daginn kl. 9-12 eða kl. 13-16.

Kennt er í aðstöðu Þyts, Strandgötu 88 og við Hafnarfjarðarhöfn.

26. júní - 7. júlí (fyrir hádegi) 10. júlí - 21. júlí (fyrir hádegi)

26. júní - 7. júlí (eftir hádegi) 10. júlí - 21. júlí (eftir hádegi)



**Innritun á
www.sailing.is**

Verð: 15.500 kr. fyrir tveggja vikna námskeið og félagsaðild.

Siglingaklúbburinn Þytur, kt.: 680978-0189 Sími 555 3422 Bankareikningur: 0545-26-987